

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 1. júní 2004.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Jón Kristjánsson.***LÖG****um breytingu á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996,
með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

E-liður 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: að starfrækja rannsóknastofu sem hafi eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, þar með rekstri miðlægra gagnagrunna lögreglu á sviði tæknirannsókna, annist erlend samskipti vegna tæknirannsókna og samstarf, haldi skrá um horfið fólk og hafi umsjón með störfum kennslanefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur.

2. gr.

4. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknum, samanburðarrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum og varðveiti fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Tæknideildin skal þjóna öllum lögreglu-umdæmum landsins og setur ríkislögreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 1. júní 2004.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Björn Bjarnason.